

## Gyðingar sem ekki vilja drepa og Rússar sem rumska. Í minningu Muhammed Bhar

Benjamin Netanyahu hefur viljað telja okkur trú um, að hann sé fulltrúi allra Gyðinga í heimi hér og að allir séu þeir sionistar og Semítar. Því sé gagnrýni á Ísraelsstjórn andgyðingleg og jaðri við helfararafneitun. Þetta fimbulfamb gýs stöðugt upp úr honum, ásamt heitstrengingum um að eyða Hamas. Íbúar Jemen, Vesturbakkans, Líbanons og Írans mega fara sömu leið.

Það ættu allir að hlýða á messu hans á þingi Bandaríkjanna. Það var hryllingssýning. Þingmenn hegðuðu sér eins og smábörn í bíó, risu úr sætum með köllum og klappi, þegar barnamorðinginn seldi upp hverri haturslygaspýjunni á fætur annarri. Hann er átrúnaðargoð vestrænna stjórnvalda, verndari vestrænna gilda í Palestínu eins og Volodymyr Zelensky í Úkraínu. Efasemdarmenn um tilvist samrunaheimsveldis Ísraels og Bandaríkjanna (og Breta) ættu ekki að láta sýninguna fram hjá sér fara.

Jeremy Bernard Corbyn, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, andmælti. Hann var að vonum fjarlægður úr stóli forsætisráðherra. En enn þá þiggur flokkur hans mútur frá velunnurum Ísraels eins og þriðjungur breska þingheimsins og enn þá fleiri á þingi Bandaríkjanna.

Alþjóðaglæpadómstóll (International Criminal Court) Sameinuðu þjóðanna stríðir Brjálaða-Bensa um þessar mundir. Eins og glöggir lesendur hafa áttað sig á, hefur dómstóllinn nú, eftir samráð við lögfræðinga hér um bil 60 ríkja, áréttað samþykktir Sameinuðu þjóðanna um ólög Ísrael; landþjófnað, aðskilnaðarstefnu, stríðsglæpi, þjóðarmorð og hersetu. Samtímis hefur Dómstóllinn áminnt önnur ríki um skyldu þeirra til að koma Palestínumönnum til hjálpar.

Dómurinn hefur misboðið Ísraelsmönnum eins og allir, sem viðurkenna sjálfstætt ríki Palestínumanna. Þeir sneru t.d. baki við norska ráðherranum, Espen Barth. Norðmenn dirfðust einmitt að viðkenna ríki Palestínumanna. Eftir því sem ég best veit, þiggja norskir þingmenn ekki mútugreiðslur eins og þeir bresku og bandarísku.

Fleiri dómstólar láta að sér kveða. Hæstiréttur Ísraels hefur kveðið upp dóm þess efnis, að nú skuli allir Gyðingar skrá sig í herinn, líka sá hópur Ísraelsgyðinga, sem neitar að drepa í nafni Gyðingdóms.

Það mætti af þessu ráða, að ísraelsk yfirvöld séu að undirbúa frekari hernaðaraðgerðir. Jemenar og Hesbollaliðar gera þeim hverja skráveifuna á fætur annarri. „Leyfi“ hefur nú fengist frá Bandaríkjunum um að herja í Líbanon. Það er ljóst,

að báðir geta eins og Íranar og Írakar, sent heitar kveðjur inn í mitt land, ef þeim býður svo við að horfa.

Jemenar hafa valdið miklum usla í Ísrael og fælt burt skip á Rauða hafinu á leið til Ísraels. Hesbolla hefur flæmt Ísraela burt úr landamæraheruðunum við Líbanon. Ísraelum blæðir efnahagslega og samtímis dragast fjárfestingar saman. Ferðamenn halda sig fjarri og fólk flýr úr landi. Það stefnir í að svo fari með Ísrael sem Úkraínu; bæði ríkin verða á framfæri Vesturlanda. Þó eru líklega reytingstekjur af líffærasölu úr Palestínumönnum.

Óþokkaskapurinn á Gaza heldur áfram af fullum þunga, stutt nýjustu eftirlits- og miðunartækni. Ungbörn eru meira að segja skotmörk leyniskyttna Ísraelshers, að sögn bandaríks læknis. Um daginn staðfesti ísraelski herinn morðið á Muhammand Bhar. Sá var með Downs heilkenni. Herinn sigaði á hann hundum heima hjá sér. Hundarnir tættu handleggi Muhammad. Honum blæddi út. Fjölskyldan kom að rotnandi leifum hans. Muhammad var 24 ára.

Mannfallið á Gaza er að öllum líkindum töluvert meira en tölur Hamas gefa til kynna. Fangar eru enn sem fyrr pyndaðir í ísraelskum fangelsum og drápsflaugar eru sendar í tugatali á skotmörk í Sírylandi, Jemen og Líbanon. Miðausturlandastríðið er í sjálfu sér hafið. Vopnaframleiðslufyrirtæki um allan heim fitna eins og púkar á fjósbita og ráða sér ekki fyrir fögnuði. Almennungur kaupir í þeim hlutabréf, fjárfestir í drápum, eldi og eimyrju.

Í Miðausturlöndum eiga sér stað athyglisverðar hræringar. Kínverjar hafa vakið athygli fyrir utanríkisstefnu, þar sem sættir og samvinna eru í öndvegi. James David Vance, næsti varaforseti Bandaríkjanna, klappar þeim meira að segja lof í lófa, þótt skringilegt sé. En ætli hann læri?

Kínverjum hefur t.d. tekist að sætta stjórnendur Írans og Sádí Arabíu og skipað saman fjölda frelsishreyfinga í Palestínu. Rússar liggja heldur ekki á liði sínu í þessu efni. Fyrir þeirra atbeina eru nú líkur á því, að Tyrkir og Sírylendingar semji frið. En sem kunnugt er tóku Tyrkir óbeinan þátt í byltingartilraunum Bandaríkjamanna og Ísraels í Sírylandi fyrir um áratugi síðan, og beittu fyrir sig Íslamska Ríkinu (ISIS).

Nýlega hélt Bashar Addad, forseti Sírylands, til fundar við Vonda-Valda í Mosku. Fundurinn fór hljótt og lítið heyrst um niðurstöður. En líklegt má telja, að rædd hafi verið hernaðaraðstoð Rússa í því stríði, sem Ísraelar og Bandaríkjamenn (Nató) munu væntanlega heyja fyrir botni Miðjarðarhafs í fyrirsjáanlegri framtíð gegn Líbanon og

Íran og fleiri ríkjum. Stór-Ísrael er enn á dagskrá sameinaðs heimsveldis Bandaríkjanna, Breta og Ísraela.

Stuðningur Ísraela og Vesturveldanna við Úkraínu hefur angrað Rússa verulega, svo og hryðjuverk unnin af leiguliðum Vesturveldanna, stundum af þeim sjálfum með eigin vopnum. Stuðningur Rússa við andstöðuríki Ísraels mun verða þeim hvatning til að efla andstöðuna við Ísrael og Vesturveldin í Levantíu og Vestur-Asíu. Því er ekki ólíklegt, að senn muni rigna rússneskum drápskeytum yfir Ísraelsmenn og herstöðvar Bandaríkjanna og Breta. Það yrði harmleikur.

Rússar eiga líka í samræðum við ríkisstjórnina í Jemen (þ.e. Ansruallah (Húti) í Sana, ekki leppstjórn Sádi-Araba og Vesturlanda í Aden) um aðild að BRICS, viðskipti og öryggismál. Í raun hefur stríðinu við arabísku nágrannanna ekki linnt fullkomlega, síðan 2015.

Forsætisráðherrann, Abdulaziz Saleh bin Habtoor, lýsir óvinunum sem „fjandsamlegu bandalagi 17 ríkja með fullum stuðningu Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, samtímis allsherjar þvingunum í lofti, láði og legi.“ Mannúðaraðstoð Bandaríkjanna var hætt 2020. Hungur og sjúkdómar steðja að þjóðinni.

Jemenar taka samningsbundnum tilmælum Sameinuðu þjóðanna um aðstoð við Palestínnumenn alvarlega, þrátt fyrir endurteknar árásir frá Sameinaða heimsveldinu (Ísraelum, Bandaríkjunum og Bretum) með stuðningi Nató.

Þrátt fyrir endurteknar samþykktir á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og í Öryggisráðinu, þess efnis, að Ísraelar séu landþjófar, hersetuvelði og þjóðarmorðingjar, sitja þeir við sinn keip – líka með fulltingi Nató.

Svokölluð tveggja ríkja lausn er steindauð. Að sjálfsmorði Ísraela loknu mun verða eitt ríki í Palestínu/Ísrael – líklega lýðræðisríki. En þá er viðbúið, að flestir Gyðinga hafi flutt á brott. Fjöldi þeirra hefur þegar tekið pokann sinn.

<https://www.haaretz.com/israel-news/2024-07-22/ty-article/.premium/idf-left-palestinian-with-down-syndrome-to-die-after-dog-attack-in-gaza-home/00000190-d5e5-dbe5-a7fa-f7ff225b0000>

<https://www.globalresearch.ca/war-criminal-netanyahu-us-congress/5863708>

<https://www.globalresearch.ca/humanitarian-crisis-yemen/5863631>

<https://www.globalpolitics.se/puzzlet-mellan-jemen-och-ryssland/>

<https://derimot.no/tiljublet-av-norske-statsvitere-usa-repeterer-sine-feil-ustanselig/>

[https://steigan.no/2024/06/antall-drepte-i-gaza-er-mye-hoyere-enn-det-vi-far-vite/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/06/antall-drepte-i-gaza-er-mye-hoyere-enn-det-vi-far-vite/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.msnbc.com/top-stories/latest/gaza-death-toll-lancet-israel-hamas-war-rcna160902>

<https://decensored.news/haaretz-idf-hannibal-directive-october-7/>

[https://x.com/lmtiazMadmood/status/1807145540372791392?t=GFr8rAAwGz1\\_bjMbJb0nVQ&s=07](https://x.com/lmtiazMadmood/status/1807145540372791392?t=GFr8rAAwGz1_bjMbJb0nVQ&s=07)

[https://steigan.no/2024/06/israelske-fengsler-bruk-av-utsulting-som-torturmetode/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/06/israelske-fengsler-bruk-av-utsulting-som-torturmetode/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/06/hvem-er-elefanten-i-rommet/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/06/hvem-er-elefanten-i-rommet/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://beeley.substack.com/p/israel-bombs-syria-two-days-before?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=716517&post\\_id=146037044&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/israel-bombs-syria-two-days-before?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=146037044&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=o5PONyV1yn4>

<https://gilbertdoctorow.com/2024/07/04/new-truce-possibilities-in-gaza-a-step-to-peace-or-a-sidestep-to-war-in-lebanon/>

[https://korybko.substack.com/p/israel-should-think-twice-before?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=146229946&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/israel-should-think-twice-before?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=146229946&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://www.kitklarenberg.com/p/british-spies-built-zionist-propaganda?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=552010&post\\_id=146195776&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://www.kitklarenberg.com/p/british-spies-built-zionist-propaganda?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=146195776&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.declassifieduk.org/pro-israel-tycoon-gives-labour-half-a-million-pounds/>

[https://steigan.no/2024/07/sliten-israelsk-haer-ikke-klar-for-krig-i-libanon/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/sliten-israelsk-haer-ikke-klar-for-krig-i-libanon/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://geopoliticeconomy.substack.com/p/blackrock-wall-street-banks-profit-israel-gaza?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=457596&post\\_id=146369202&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://geopoliticeconomy.substack.com/p/blackrock-wall-street-banks-profit-israel-gaza?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=146369202&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=pefElwoTEnE>

[https://steigan.no/2024/07/kampen-mot-terror-er-domt-til-a-mislykkes/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/kampen-mot-terror-er-domt-til-a-mislykkes/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://gilbertdoctorow.com/2024/07/26/the-assad-visit-to-moscow-two-days-ago-about-which-you-have-heard-nothing-irans-press-tv/>

[https://steigan.no/2024/07/washington-gir-netanyahu-full-stotte-til-a-utvide-krigen-mot-libanon/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/washington-gir-netanyahu-full-stotte-til-a-utvide-krigen-mot-libanon/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.972mag.com/lavender-ai-israeli-army-gaza/>

[https://steigan.no/2024/07/netanyahu-en-krigsforbryter-hyllet-og-applaudert-i-den-amerikanske-kongressen/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/netanyahu-en-krigsforbryter-hyllet-og-applaudert-i-den-amerikanske-kongressen/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://beeley.substack.com/p/the-zionist-movement-in-britain-david?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=716517&post\\_id=146430419&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/the-zionist-movement-in-britain-david?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=146430419&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/07/rapport-bekrefter-at-israel-beordret-hannibal-direktivet-som-svar-7-oktober/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/rapport-bekrefter-at-israel-beordret-hannibal-direktivet-som-svar-7-oktober/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/07/the-lancet-dodstallene-i-gaza-kan-ga-opp-i-hundretusener/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/the-lancet-dodstallene-i-gaza-kan-ga-opp-i-hundretusener/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.instagram.com/p/C9MTFFkO82U/?igsh=MW9oYXYwdDF5bW1zZg%3D%3D&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTAAAR2fkgIgp1pDra8ZIMMDDON4nP3bk59K4OgWsz75GBaYES1z71FJU6udVk\\_aem\\_w7erOVsK9pUiDYiosGc8QA](https://www.instagram.com/p/C9MTFFkO82U/?igsh=MW9oYXYwdDF5bW1zZg%3D%3D&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTAAAR2fkgIgp1pDra8ZIMMDDON4nP3bk59K4OgWsz75GBaYES1z71FJU6udVk_aem_w7erOVsK9pUiDYiosGc8QA)

<https://www.globalresearch.ca/western-supported-zionist-genocide-and-the-pathology-of-evil/5861907>

[https://chrishedges.substack.com/p/the-old-evil?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=778851&post\\_id=146544240&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://chrishedges.substack.com/p/the-old-evil?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=146544240&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=0VXye0HXaxI>

[https://steigan.no/2024/07/iran-vil-stotte-hizbollah-med-alle-midler-hvis-israel-angriper-libanon/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/iran-vil-stotte-hizbollah-med-alle-midler-hvis-israel-angriper-libanon/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://beeley.substack.com/p/is-israel-destroying-itself?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=716517&post\\_id=146433462&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_gif&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/is-israel-destroying-itself?utm_source=podcast-email&publication_id=716517&post_id=146433462&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_gif&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.timesofisrael.com/up-to-60000-israeli-businesses-may-close-in-2024-as-war-takes-toll-on-economy/>

<https://www.globalpolitics.se/fn-domstolen-i-haag-israeliska-bosattningar-ar-olagliga/>

<https://www.globalpolitics.se/hundraarskriget-mot-palestina-bosattarkolonialism-och-motstand/>

[https://steigan.no/2024/07/israel-nekter-a-snakke-med-espen-barth-eide/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/israel-nekter-a-snakke-med-espen-barth-eide/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.declassifieduk.org/israel-lobby-funded-half-of-keir-starmers-cabinet/?utm\\_source=drip&utm\\_medium=email&utm\\_campaign=In+Case+You+Miss+ed+It%C2%A0](https://www.declassifieduk.org/israel-lobby-funded-half-of-keir-starmers-cabinet/?utm_source=drip&utm_medium=email&utm_campaign=In+Case+You+Miss+ed+It%C2%A0)

[https://samstodin.is/2024/07/israel-sprengdi-skola-a-gasa-med-bandariskri-sprengju/?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR3z58bv5\\_vYSyYchm\\_3SJnmRjJGVIP4-a0i\\_ZxMVXay2plbqc7Lg5uoWvY\\_aem\\_yLrNn7CoJ9b748OVSDQo9w](https://samstodin.is/2024/07/israel-sprengdi-skola-a-gasa-med-bandariskri-sprengju/?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR3z58bv5_vYSyYchm_3SJnmRjJGVIP4-a0i_ZxMVXay2plbqc7Lg5uoWvY_aem_yLrNn7CoJ9b748OVSDQo9w)

<https://www.timesofisrael.com/up-to-60000-israeli-businesses-may-close-in-2024-as-war-takes-toll-on-economy/>

<https://www.globalpolitics.se/fn-domstolen-i-haag-israeliska-bosattningar-ar-olagliga/>

<https://www.globalpolitics.se/hundraarskriget-mot-palestina-bosattarkolonialism-och-motstand/>

[https://steigan.no/2024/07/israel-og-utmattingskrigen/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/israel-og-utmattingskrigen/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/07/amerikansk-kirurg-som-jobbet-frivillig-i-gaza-sier-idf-snikskyttere-skyter-smabarn/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/07/amerikansk-kirurg-som-jobbet-frivillig-i-gaza-sier-idf-snikskyttere-skyter-smabarn/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.globalresearch.ca/standing-ovation/5863664>

<https://caitlinjohnstone.com.au/2024/07/25/netanyahus-speech-was-as-american-as-it-gets/>

<https://www.globalpolitics.se/vad-fns-hogsta-domstols-utslag-innebar-for-israel/>

<https://www.newarab.com/news/rights-groups-hail-icj-ruling-israel-occupation-palestine>

<https://www.972mag.com/haredi-protest-army-conscription-ruling/>

<https://www.bbc.com/news/articles/cz9drj14e0lo>

<https://www.middleeasteye.net/news/gaza-palestinian-down-syndrome-left-die-israeli-soldiers-after-combat-dog-attack>